

Sameiginlegur fundur SK, SN og SSÍ 1. júlí 2008 haldinn í K-húsinu kl. 19:00

Mættir:

SK: Falur, Sigríður, Sigurbjörg, Guðmundur, Júlíus (Þórhildur, Guðrún og Lilja boðuðu forföll)

SN: Herdís, Guðný Ester (Brynja boðaði forföll)

Hópstjórar ÍRB: Bjarney, Katrín, Drífaog Anna María og yfirþjálfari ÍRB: Steindór

SSÍ: Hlín, Hildur Karen og Ólafur frá SSÍ mættu einnig á fundinn.

1. Farið yfir fundargerð síðasta fundar

2. Bikar

Sjoppa: Drífa og Katrín fóru yfir að fullmannað er næstum í sjoppuna. Vantar eina á laugardegi eftir hádegi. Veitingar fyrir dómara verður kaffi, kex og ávextir.

Eldhús: vantar í alla hluta nema morgunmat. Vantar um 2 í hvorn hluta. Kjúklingabitar á föstudagskvöldi og lasanga í hádegi á laugardegi. Hefðbundinn morgunmat.

Holtaskóli: Vantar enn að manna föstudagskvöld og fram á kvöld laugardagskvöld.

Tækniherbergi: Vantar einn á sunnudeginum og TTD (hlaupara).

Farið yfir tímasetningar á bikar.

Rætt um úrskáningar á bikar og keppendalista. Passa verður að á keppendalistum séu einnig varamenn.

Samkvæmt reglugerð má gera breytingar á skráningum tveimur tímum fyrir mótshluta. Allar breytingar þurfa því að koma fyrir kl. 15:00 á föstudegi. Tæknifundur mótstjórn, þjálfara og yfirdómara kl. 15:30 (ekki hægt að skrá úr á tæknifundi). Aðrir tæknifundir verða 15 mín eftir hvorn hluta.

Hildur Karen raðar liðum á pallana.

Farið yfir mönnun mótsins. Enn vantar eitthvað af starfsfólki og nokkur félög hafa ekki sent inn nægilegan fjölda starfsmann. Hildur Karen heldur áfram að óska eftir skráningum.

Marserað verður inn á mótinu frá Vatnaveröldinni.

Gisting og matur:

Óðinn, ÍA og SH í gistingu (77 í kvöldmat og gistingu)

ÍRB, Fjölnir og KR eru í hádegismat og fá hvíldaraðstöðu. (143 í hádegismat)

Einn sundmaður frá Ægi gistir.

Mæting kl. 18:00 á fimmtudegi í Vatnaveröld fyrir starfsmenn ÍRB til að undirbúa sundlaug. Laugin verður lokað frá kl. 13:00 á föstudegi til mælinga og undirbúnings. Klukkan 15:00 á föstudegi verður mæting foreldra til að klára undirbúning.

2. AMÍ

Allir foreldrar ÍRB hópa tóku þátt í AMÍ og nokkrir foreldrar yngri sundmanna og verði hagnaður af mótinu, þá mun hann dreifast á sundmenn þessa foreldra.

3. Æfingaáætlun næsta tímabils og innritun

Þjálfarar eru að undirbúa æfingaráætlun sem verður tilbúin til kynningar á næsta stjórnarfundum, sem haldinn verður 19. ágúst, sjá hér að neðan.

4. Önnur mál

Hildur er að útbúa uppgjör vegna AMÍ og Bikars.

Ósk komin um Metamót ÍRB á laugardagskvöldi til að ákveðnir sundmenn geti náð ákveðnum lágmarkum.

Næsti fundur 19. ágúst þar sem þjálfarar kynna tillögu að æfingartöflu og fastsettur tími innritunar. Athuga þarf nýtt skráningarblað fyrir innritun vegna hvatagreiðslna RNB.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 21:00

Fundarritari: Sigurbjörg Róbertsdóttir